

Ed.

223. Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ólafsfjarðarhreppi, innheimtu tolla og gjalda til rikissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómssvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr rikissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann auk þess fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps, og eru ástæðurnar teknar fram í bréfi oddvitans, sem hér með fylgir.

Fylgiskjal.

ODDVITI ÓLAFSFJARÐARHREPPS

Ólafsfirði, 18. sept. 1934.

Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu þann 17. febrúar síðastl., var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Fundurinn telur nauðsynlegt, að stofnað verði sérstakt lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi, með svipuðu fyrirkomulagi og í Bolungavík, og felur hreppsnefndinni að beita sér fyrir því við þing og stjórn, að það fái st. sem fyrst.“

Fyrir því leyfum vér oss hér með að fara fram á, að hið háa Alþingi verði við þessum tilmælum hreppsþúa og stofni þegar á þessu ári sérstakt lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi, og sé svo ákveðið, að lögreglustjórinn sé skyldur til að gegna störfum hreppsnefndaroddvita.

Ástæðan til, að þetta er fram komið, er sú, að með stækkun kaupsins verður alltaf meiri og meiri þörf á manni, sem hefir lögreglustjóravald; auk þess eru oddvitastörf sveitarinnar orðin allumfangsmikil, svo að erfitt er orðið að fá hæfa menn til að hafa starfið með höndum, þar sem það er, eins og kunnugt er, afarilla launað, svo menn standast ekki við að setja til baka aðra atvinnu þess vegna. En hjá því verður ekki komizt, ef ekki á að vanrækja þau störf, sem af hverjum oddvita verður að heimta.

Svipað mætti segja um hreppstjórastarfið.

Af því, sem þegar hefir verið tekið fram, treystum vér því, að hið háa Alþingi bregðist vel við máli þessu og stofni með lögum þegar á næsta þingi umbeðið lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi.

F. h. hreppsnefndarinnar.

Þorv. Sigurðsson.

Til Alþingis, Reykjavík.